

## Hollvinafélag MR – 2017-

### Ræktarsemi við gamla skólann sinn!

### Greinargerð við afhendingu gjafar Hollvinafélagsins til Menntaskólans í Reykjavík 1.des. 2017

**Söfnunaátak 1 og 2 - 2015 og 2016-2017** - Sendar voru úr viðskiptabanka Hollvina 10.492 færslur í heimabanka jafnmargra núlifandi útskrifaðra nemenda frá skólanum frá árinu 1951 til með árinu 2016. Áður en til útsendingar kom fór fram samlestur við Þjóðskrá. Skil safnananna var um 15%. Alls hafa safnast um 13 mkr. Viðskiptabanki Hollvinafélagsins veitti félaginu sem og Reiknistofa bankanna 20% afslátt af stofnkostnaði krafna sem og af þjónustugjöldum. Söfnunarátökin urðu tvö - hið fyrra árið 2015 og og hið síðara frá maí 2016 til og með september 2017. Umbeðinn styrkur einstaklings í fyrra áttakinu var 2900 kr. en í hinu síðara 3900 kr.

Fyrstu framlög fóru að berast strax í apríl og maí 2014. Það var framlag frá þekkttri tiltekinni fasteignasölu hér í Reykjavík og framlag, sem var styrkur 60 ára stúdenta frá skólanum það ár. Framlöggin bæði voru sannarlega gott veganesti og sýndi enn og aftur ræktarsemi í garð skólans, sem segja má að sé vörumerki safnananna beggja.

Þá var það eftirtektarvert hve erindinu var vel tekið, enda hafa skólastjórnendur hér í skóla komið því þannig fyrir, að hvar og hvenær sem er þar sem nafn skólans ber á góma þá opnast allar dyr.

Samhliða seinna söfnunarátakinu fór fram söfnun meðal 300 stærstu fyrirtækja landsins. Fyrirtækin sem svöruðu kallinu urðu 15 talsins. Boðið var uppá nokkrar upphæðir, sem fyrirtæki gátu valið á milli. Vonbrigði vakti slakar undirtektir fyrirtækja en við nánari skoðun kom í ljós, að söfnunin stóð einmitt yfir eftir að formlegri fjárhagsáætlunargerð þeirra hafði verið frágengin og lokað. Þá hefur það færst í vöxt að fyrirtæki komi sér upp tilteknu þema til ársins við úthlutanir styrkja og framlaga hvers konar. Undirritaður fékk heilmikil viðbrögð frá fyrirtækjum og er ástæða til að fara nánar í söfnun meðal þeirra síðar hafandi í huga ofanritað.

Þá þarf stjórn samtakanna nú að taka umræðu um framhald söfnunar fjár til skólans meðal Hollvina hans. Undirritaður hefur átt fund með fulltrúa bankans, en þá með aðeins öðru sniði en áður, sem lýsir sér m.a með meiri sjálfvirkni styrkveitinga í formi fastrar mánaðarl./ fjórðungsl./ árlegrar áskriftar gefenda að framlagi ? Ekki er komið að umræðu um herkostnað. Þá mætti hugsa sér að viðhalda sömu aðferðafræði og gert hefur verið í **Söfnunarátak I og II þ.e Vildargreiðslukerfinu** en þó með þeirri breytingu, að rektor komi fram með eins konar óskalista fyrirfram yfir tæki/ búnað og/eða verkefni, sem að dómi skólans eru aðkallandi hverju sinni. Listinn verði birtur á heimasíðu skólans með góðum fyrirvara. Of snemmt er að fjalla um aðferðafræði nánar, en undirritaður er þeirrar

skoðunar að stíga varlega til jarðar og ofbjóða ekki fólki sem fyrr! Það er bæði skylt og rétt að nefna það að samstarf við viðskiptabanka Hollvinafélagsins hefur verið sérstaklega geðugt. Þá má ekki gleyma framlagi Yngva Péturssonar, rektors, sem var ómetanlegt.

Hér að neðan fylgir listi yfir gjafir/styrkir Hollvina til skólans frá stofnun þeirra 1.des.2013 og verðmæti þeirra samkv. tímalínu

Texti		Ár
8.12.2017 08:21		
Gjafir/Styrkir Hollvina MR + Fyrirtækja til skólans 2014 til 2017 => Allar upphæðir í þús.kr. á föstu verði- Niðurstaða tveggja söfnunarátaka Hollvina MR- I og II.og ráðstöfun fjárins hingað til	Tímalína	Alls verðmæti gjafa Hollvina til skólans 2014-2017
Tölvur í tölvuver I. 29 stk. - gjöf Hollvina	ágú.15	3.500
Ferðasjóður nem.- gjöf Hollvina 1.des.2015	des.15	1.000
Tölvur í tölvuver II. 29 stk. - gjöf Hollvina	ágú.16	2.900
Verðlaun til afburðanem.við skólaslit í maí 2017-gjöf Hollvina	maí.17	300
Endurnýjun á netþjónum innranets skólans + þráðlaust nemendanet -gjöf Hollvina við skólaslit í maí 2017	maí.17	3.000
Uppfærð líkamsræktartæki í tækjasal á skólalóð	des.17	1.400
ALLS-Söfnunarátak I + II.- Gjafir/Styrkir Hollvina+ Fyrirtækja - 2015 til sept. 2017		12.100

Heimild: Bankayfirlit samkv.viðeigandi tímalínum